

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/150**frá 20. janúar 2023**

um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 31. gr. (3. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 42. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur um sjúkdómana sem skráðir eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hennar og mælt fyrir um hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að aðildarríkin komi á fót skyldubundnum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir slíkum áætlunum. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og er þar mælt fyrir um viðmiðanir fyrir því að veita aðildarríkjum eða svæðum eða hólfum þeirra sjúkdómalaus stöðu, viðhalda henni eða afturkalla hana ásamt kröfum varðandi samþykki fyrir skyldubundnum eða valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 ⁽³⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi skráða sjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra, og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma. Nánar tiltekið eru aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra með sjúkdómalaus stöðu tilgreind í viðaukunum við þá reglugerð. Breytilegar faraldsfræðilegar aðstæður varðandi tiltekna sjúkdóma valda því að nú þarf að breyta tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til að skrá ný sjúkdómalaus aðildarríki eða svæði þeirra og til að fella brott úr skránum svæði eða hólfa þar sem uppkoma sjúkdóma er staðfest eða þar sem skilyrðin fyrir því að viðhalda sjúkdómalausri stöðu eru ekki lengur uppfyllt.
- 4) Að því er varðar sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*Mycobacterium bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*), sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru, sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) og sýkingu af völdum veirublæðis hafa nokkur aðildarríki nýlega sótt um hjá framkvæmdastjórninni að fá úthlutað sjúkdómalausri stöðu fyrir hluta af yfirráðasvæði þeirra. Nokkur aðildarríki

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78).

hafa einnig tilkynnt um uppkomur sýkingar með hundaaðisveiru, af völdum blátunguveiru og sýkingar af völdum iðradreps sem verður einnig að endurspeglar í tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.

- 5) Að því er varðar sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* lagði Spánn upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sjálfstjórnarhéruðunum Balear-eyjum, Katalóníu og Murcia. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*. Því ætti að skrá þessi svæði í I. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus m.t.t. sýkingar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*.
- 6) Að því er varðar sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru lagði Ítalía upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart Aujeszzkys-veikiveiru, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í héruðunum Trento og Veneto. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna Aujeszzkys-veikiveiru. Því ætti að skrá þessi svæði í I. hluta VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus m.t.t. sýkingar af völdum Aujeszzkys-veikiveiru.
- 7) Að því er varðar sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum lagði Þýskaland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í Dachau, Straubing-Bogen og Günzburg í Bavaria. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum. Því ætti að skrá þessi svæði í VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus m.t.t. sýkingar af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum.
- 8) Ungverjaland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um nokkrar uppkomur sýkingar með hundaæðisveiru í sýslunni Szabolcs-Szatmár-Bereg. Þar eð allt yfirráðasvæði Ungverjalands er með sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu með hundaæðisveiru og er skráð í I. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/620 ætti að afturkalla sjúkdómalausri stöðu fyrir sýsluna Szabolcs-Szatmár-Bereg og breyta ætti færslunni fyrir Ungverjaland í þeirri skrá til samræmis við það.
- 9) Að því er varðar uppkomu sýkingar með hundaæðisveiru lagði Ungverjaland einnig umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um samþykki fyrir útrýmingaráætlun fyrir sýsluna Szabolcs-Szatmár-Bereg. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna sýkingar með hundaæðisveiru. Því ætti að skrá sýsluna Szabolcs-Szatmár-Bereg í II. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem svæði með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar með hundaæðisveiru.
- 10) Portúgal hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerð 4 í héruðunum Aveiro, Bragança, Coimbra, Guarda og Viseu sem höfðu einnig áhrif á héruðin í kring. Þar eð þessi héruð eru með sjúkdómalausri stöðu og eru skráð í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að afturkalla sjúkdómalausri stöðu þeirra m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru og breyta ætti færslunni fyrir Portúgal í þeirri skrá til samræmis við það.
- 11) Spánn hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkinga af völdum blátunguveiru af sermigerð 4 í sýslunni Toledo í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla-La Mancha og í sýslunni Salamanca í sjálfstjórnarhéraðinu Kastilía og León sem höfðu einnig áhrif á svæði í sýslunum Avila og Zamora. Þar eð þessi svæði eru með sjúkdómalausri stöðu og eru skráð í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að afturkalla sjúkdómalausri stöðu þeirra m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru og breyta ætti færslunni fyrir Spán í þeirri skrá til samræmis við það.
- 12) Að því er varðar sýkingu af völdum blátunguveiru lagði Spánn einnig upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru eru uppfyllt á tilteknum landsvæðum í sjálfstjórnarhéruðunum Aragón og Navarra og á tilteknum landsvæðum í sjálfstjórnarhéraðinu Basque. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna blátunguveiru. Þar eð tekist hefur að útrýma sýkingu af völdum blátunguveiru í þessum sjálfstjórnarhéruðum ætti þar af leiðandi að skrá allt yfirráðasvæði þessara sjálfstjórnarhéraða í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru.

- 13) Að því er varðar sýkingu af völdum blátunguveiru lagði Þýskaland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart blátunguveiru eru uppfyllt í Bundesland Saarland og á tilteknum svæðum í Bundesland Rhineland-Palatinate. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna blátunguveiru. Því ætti að skrá þetta svæði í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaust m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru.
- 14) Að því er varðar veirublæði lagði Finnland fram upplýsingar sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart veirublæði eru uppfyllt á Álandseyjum. Þessar upplýsingar uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna veirublæðis. Þar eð tekist hefur að útrýma veirublæði á Álandseyjum ætti þar af leiðandi að skrá allt yfirráðasvæði Finnlands í I. hluta XII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaust m.t.t. veirublæðis.
- 15) Að auki hefur Finnland tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomu iðradreps á Álandseyjum á svæði sem er skráð sem svæði með sjúkdómalausri stöðu í XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að afturkalla sjúkdómalausri stöðu sýkta svæðisins og fella þetta hólf brott úr I. hluta þess viðauka og breyta færslunni fyrir það aðildarríki í þeirri skrá til samræmis við það.
- 16) Því ætti að breyta II., III., VI., VII., VIII., XII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til samræmis við það.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III., VI., VII., VIII., XII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III., VI., VII., VIII., XII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Spán í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Cataluña Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma de Islas Baleares Comunidad Autónoma de Murcia Comunidad Autónoma del País Vasco Comunidad Autónoma del Principado de Asturias“

b) Í stað færslunnar fyrir Spán í II. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía Comunidad Autónoma de Aragón Comunidad Autónoma de Cantabria Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha Comunidad Autónoma de Castilla y León Comunidad Autónoma de Extremadura Comunidad Autónoma de La Rioja Comunidad Autónoma de Madrid Comunidad Autónoma de Navarra Comunidad Autónoma de Valencia“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Ungverjaland í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Ungverjaland	Allt yfirráðasvæðið að undanskildu Szabolcs-Szatmár-Bereg megye“

b) Í II. hluta er eftirfarandi færslu fyrir Ungverjaland bætt við á undan færslunni fyrir Pólland:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Ungverjaland	Szabolcs-Szatmár-Bereg megye“

3) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Ítalíu í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Ítalía	Regione Friuli Venezia Giulia Regione Trentino – Alto Adige Regione Veneto“

b) Í stað færslunnar fyrir Ítalíu í II. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. lið 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
„Ítalía	Regione Abruzzo Regione Apulia Regione Basilicata Regione Calabria Regione Campania Regione Emilia-Romagna Regione Lazio Regione Liguria Regione Lombardia Regione Marche Regione Molise Regione Piemonte Regione Sicilia Regione Toscana Regione Valle d’Aosta Regione Umbria	21. apríl 2021“

4) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Þýskaland	Bundesland Baden-Württemberg Bundesland Bayern: Regierungsbezirk Oberbayern Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Niederbayern: Stadt Landshut, Stadt Passau, Stadt Straubing, Freyung-Grafenau, Kelheim, Lkr. Landshut, Lkr. Passau, Regen, Rottal-Inn, Lkr. Straubing-Bogen Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberpfalz: Stadt Amberg, Stadt Regensburg, Weiden in der Oberpfalz, Lkr. Amberg-Sulzbach, Cham, Neumarkt in der Oberpfalz, Neustadt an der Waldnaab, Lkr. Regensburg, Schwandorf, Tirschenreuth Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberfranken: Stadt Bamberg, Stadt Bayreuth, Stadt Coburg, Stadt Hof, Lkr. Bamberg, Lkr. Bayreuth, Lkr. Coburg, Forchheim, Lkr. Hof, Kronach, Kulmbach, Lichtenfels, Wunsiedel im Fichtelgebirge Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Mittelfranken: Stadt Ansbach, Stadt Erlangen, Stadt Fürth, Nürnberg, Schwabach, Lkr. Ansbach, Lkr. Erlangen-Höchstadt, Lkr. Fürth, Nürnberger Land, Neustadt an der Aisch-Bad Windsheim, Roth, Weißenburg-Gunzenhausen Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Unterfranken: Stadt Aschaffenburg, Stadt Schweinfurt, Stadt Würzburg, Lkr. Aschaffenburg, Bad Kissingen, Röhn-Grabfeld, Haßberge, Kitzingen, Miltenberg, Main-Spessart, Lkr. Schweinfurt, Lkr. Würzburg

	Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Schwaben: Stadt Augsburg, Kaufbeuren, Kempten im Allgäu, Memmingen, Aichach-Friedberg, Dillingen an der Donau, Günzburg, Neu-Ulm, Lindau, Oberallgäu, Unterallgäu, Donau-Ries Bundesland Brandenburg Bundesland Bremen Bundesland Hamburg Bundesland Hessen Bundesland Mecklenburg-Vorpommern Bundesland Rheinland-Pfalz Bundesland Saarland Bundesland Sachsen Bundesland Sachsen-Anhalt Bundesland Thüringen“
--	--

b) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í II. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. lið 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
„Þýskaland	Bundesland Bayern: Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Niederbayern: Deggendorf, Dingolfing-Landau Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Schwaben: Lkr. Augsburg, Ostallgäu Bundesland Berlin Bundesland Niedersachsen Bundesland Nordrhein-Westfalen Bundesland Schleswig-Holstein	21. febrúar 2022“

5) Ákvæðum I. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Þýskaland	Bundesland Baden-Württemberg Bundesland Bayern Bundesland Berlin Bundesland Brandenburg Bundesland Bremen Bundesland Hamburg Bundesland Hessen Bundesland Mecklenburg-Vorpommern Bundesland Niedersachsen Bundesland Nordrhein-Westfalen Bundesland Rheinland-Pfalz: Eftirfarandi Landkreise: Ahrweiler, Altenkirchen, Alzey-Worms, Bad Dürkheim, Bad Kreuznach, Birkenfeld, Cochem-Zell, Donnersbergkreis, Germersheim, Kaiserslautern, Kusel, Mainz-Bingen, Mayen-Koblenz, Neuwied, Rhein-Hunsrück-Kreis, Rhein-Lahn-Kreis, Rhein-Pfalz-Kreis, Südliche Weinstraße, Südwestpfalz, Westerwaldkreis

	Eftirfarandi borgir: Frankenthal (Pfalz), Kaiserslautern, Koblenz, Landau in der Pfalz, Ludwigshafen am Rhein, Mainz, Neustadt an der Weinstraße, Pirmasens, Speyer, Worms, Zweibrücken Bundesland Saarland Bundesland Sachsen Bundesland Sachsen-Anhalt Bundesland Schleswig-Holstein Bundesland Thüringen“
--	---

b) Í stað færslunnar fyrir Spán kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía: Sýslan Almería Sýslan Granada, eftirfarandi landsvæði: Alhama de Granada (Alhama/Temple), Baza (Altiplanicie Sur), Guadix (Hoya-Altiplanicie de Guadix), Huescar (Altiplanicie Norte), Iznalloz (Montes Orientales), Loja (Vega/Montes Occ.), Orgiva (Alpujarra/Valle de Lecrin), Santa Fe (Vega de Granada) Comunidad Autónoma de Aragón Comunidad Autónoma de Asturias Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Cantabria Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha, nema eftirfarandi landsvæði: Almadén, Almodóvar del Campo, Piedrabuena í sýslunni Ciudad Real Belvis de la Jara, Gálvez, Los Navalmorales, Oropesa, Talavera de la Reina, Toledo, Torrijos í sýslunni Toledo Comunidad Autónoma de Castilla y León, nema eftirfarandi landsvæði: Sýslan Salamanca Ávila, Arenas de San Pedro, Candeleda, Cebrero, El Barco de Ávila, El Barraco, Navaluenga, Navarredonda de Gredos, Piedrahíta, San Pedro del Arroyo, Sotillo de la Adrada í sýslunni Ávila Bermillo de Sayago í sýslunni Zamora Comunidad Autónoma de Cataluña Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma de La Rioja Comunidad Autónoma de Madrid, nema eftirfarandi landsvæði: Navalcarnero, San Martín de Valdeiglesias Comunidad Autónoma de Murcia Comunidad Autónoma de Navarra Comunidad Autónoma de País Vasco Comunidad Autónoma de Valencia“

c) Í stað færslunnar fyrir Portúgal kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Portúgal	Região Autónoma dos Açores Região Autónoma da Madeira“

6) Í stað II. hluta VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

„II. HLUTI

Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru

Aðildarríki	Yferráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. lið 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía: Sýslurnar Cádiz, Córdoba, Huelva, Jaén, Málaga, Sevilla Sýslan Granada: Motril (Costa de Granada) Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha: Sýslan Ciudad Real, eftirfarandi landsvæði: Almadén, Almodóvar del Campo og Piedrabuena Comunidad Autónoma de Extremadura: Comunidad Autónoma de Islas Baleares	21. febrúar 2022“

7) Í stað færslunnar fyrir Finnland í I. hluta XII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yferráðasvæði
„Finnland	Allt yferráðasvæðið“

8) Í stað færslunnar fyrir Finnland í I. hluta XIII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yferráðasvæði
„Finnland	Allt yferráðasvæðið að undanskildu eftirfarandi: <ol style="list-style-type: none"> 1) hólf strandlengjunnar sem samanstendur af þeim hlutum sveitarfélaganna Föglö, Lumparland, Lemland og Vårdö sem eru innan hrings með 19,331 km radius, með miðpunkt í WGS84-hnitunum Lat 59.975253701°, Lon 20.454027317° 2) hólf strandlengjunnar sem samanstendur af þeim hlutum sveitarfélaganna Eckerö og Hammarland sem eru innan hrings með 10 km radius, með miðpunkt í WGS84-hnitunum Lat 60.207175390°, Lon 19.507907780°“